



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 25.1.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Breiðholt, hverfi 6.2 Seljahverfi - breyting á hverfisskipulagi - Öldusel 17 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. janúar 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2024 á tillögu að breytingu á hverfisskipulagi, Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, vegna lóðarinnar nr. 17 við Öldusel, Ölduselsskóli, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að fjölga markvisst leikskólalássum í Reykjavík til að koma til móts við barnafjölskyldur að loknu fæðingarorlofi. Fjölgun plássna í Seljahverfi er hluti af því verkefni. Við útfærsluna verður tekið mið af sjónarmiðum íbúa með það að markmiði að áfram verði hægt að nýta þá aðstöðu sem komið hefur verið upp á lóðinni, s.s. aparólu og frísbíggolf.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægt að leikskólarýmum í Reykjavík verði fjölgað. Hvað fyrirbyggjandi tillögu varðar telja fulltrúarnir þó ástæðu til að kanna betur aðrar lóðir fyrir húsnæði ævintýraborgar enda gerir tillagan ráð fyrir að gengið verði á mikilvægt útivistarsvæði í hverfinu, en slík svæði eru takmörkuð auðlind í Reykjavík. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa haldið þessum sjónarmiðum á lofti og fengið þau svör að leiksvæðinu og leiktækjunum verði hliðrað til en þau fái þó að halda sér. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa talað fyrir þeirri breytingu á verklagi að íbúar fái kynningu á því hvernig unnið er úr ábendingum þeirra áður en mál eru endanlega afgreidd og setja því þann fyrirvara við afgreiðslu sína að vilja fyrst eiga samráð við íbúa um málið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill ítreka mikilvægi þess að vinna með fólkinu í borginni og að þessu sinni íbúum Seljahverfis. Eins og fram kemur í gögnum þykir mörgum að verið sé að ganga á græn svæði í hjarta Seljahverfis og heppilegra hefði verið að velja annan stað fyrir ævintýraborgina. Flokkur fólksins sér að hér er um mikilvægt útivistarsvæði íbúa að ræða og er hluti af Seljadalnum. Á svæðinu eru leiktæki, m.a. aparóla sem er mikið notuð og einnig er svæðið hluti af frísbíggolfvelli sem er mjög vinsæll. Allmargar athugasemdir snúa einmitt um þetta atriði. Fulltrúi Flokks fólksins vill þakka fulltrúa foreldrafélagsins í íbúaráði Breiðholts fyrir ábendingar um málefnið. Það skiptir miklu máli að íbúar tjái sig og auðvitað



Reykjavíkurborg

að meirihlutinn hlusti og taki til greina ábendingar fólksins eins og mögulegt er. Oftast ætti að vera hægt að finna lendingu á máli sem langflestir geta sætt sig við.

Bjarni Þóroddsson
e.u.

Afrit: